

FÉLAG ÍSLENSKRA LEIKARA

og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um kaup og kjör
LEIKMYNDA- OG BÚNINGAHÖFUNDA
við Þjóðleikhúsið

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla samkvæmt grein 2.1.1 hækkar sem hér segir:

Frá 1. september 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300.

3. grein

Samningur þessi gildir frá 1. september 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafí gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 14. október 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 30. september 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)

F.h. Félags íslenskra leikara
með fyrirvara um samþykki deildar
leikmynda- og búningahöfunda og
trúnaðarmannaráðs

Randver Þorláksson (sign.)
Hrafnhildur Theodórsdóttir (sign.)

F.h. Þjóðleikhúss
Tómas Zoega e.u. (sign.)

B Ó K U N

með samkomulagi

**Félags íslenskra leikara
vegna leikmynda- og búningahöfunda**

og

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
dags. 30. september 2008**

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið með sjóðnum er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Eitt af því sem þar kemur til skoðunar er með hvaða hætti hægt er að samþætta hinum opinbera vinnumarkaði þá starfsemi sem samningsaðilar á almennum vinnumarkaði stóðu að með stofnun Endurhæfingarsjóðs.

Verði það gert á þann hátt að á samningstímabilinu verði unnið að því að í samvinnu við önnur bandalög ríkisstarfsmanna að koma á samstarfi eða samþættingu við aðra sem eiga sambærilegra hagsmuna að gæta.

Greiða skal sérstakt gjald er nemur 0,13% (endurhæfingargjald) af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem falla undir samkomulag þetta frá og með 1. júlí 2008. Framlag þetta skal greitt inn á sérstakan safnlið í vörslu fjármálaráðuneytisins. Leiði endurskoðunin til þess að samkomulag náist um samþættingu eða samstarf þá skal greiða framlagið frá næstu mánaðamótum eftir að aðilar taka sameiginlega ákvörðun um slíkt.